

Kópavogi, 19. febrúar 2019

Ágæti skólastjóri.

Við minnum á nokkur atriði vegna samræmdra könnunarprófa.

Fyrirspurnatímar (fjarfundir). Tímasetning næstu funda:

Miðvikudaginn 20. febrúar, kl. 14:30

Mánudaginn 25. febrúar, kl. 14:30

Mánudaginn 4. mars, kl. 14:30

Miðvikudaginn 6. mars, kl. 14:30

Við hvetjum starfsfólk skóla sem kemur að undirbúningi og fyrirlögn prófanna til að taka þátt á fundunum. Þeir sem vilja taka þátt eru beðnir um að senda tölvupóst á gunnhildur.steinarsdottir@mms.is.

Skráning stuðningsúrræða og undanþága er stutt á veg komin. Fjöldi skráðra er nú einungis um 25% af þeim fjölda sem hefur nýtt úrræðin eða undanþágur í undanförunum prófum. Þá hafa margir skólar ekki hafið skráningu.

Skrá þarf stuðningsúrræði og undanþágur nemenda í Skólagátt fyrir miðnætti **mánudaginn 25. febrúar**. Við minnum á mikilvægi þess að virða tímamörk.¹

Bent er á að umsjónarkennari getur farið í sinn bekk í Skólagátt og farið yfir skráningu á sínum nemendum. Þar getur hann athugað hvort allir nemendur séu skráðir og hvort skráningar séu með þeim hætti sem vera skal (þarf að fara inn á hvern nemanda fyrir sig í Skólagátt).

Á vef **Menntamálastofnunar** má finna [leiðbeiningar um framkvæmd](#) en þar er meðal annars [viðbragðsáætlun stofnunarinnar](#) og [gátlisti skóla](#). Þetta eru gagnleg skjöl fyrir skólastjórnendur og/eða umsjónaraðila prófanna.

[Kynningarpróf](#) eru aðgengileg á vef stofnunarinnar. Þau eru í fullri lengd og eru hugsuð fyrir nemendur og foreldra til að skoða og æfa sig á prófakerfinu. Á vefnum eru einnig [bréf](#) til nemenda í 9. bekk og foreldra/forráðamanna þeirra á íslensku, ensku og pólsku.

Hvetjum við ykkur til að hafa samband ef spurningar vakna. Sími Menntamálastofnunar er **514-7500** og netfang prófahópsins er **prof@mms.is**

Með góðri kveðju,
Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs.

¹ Við á Menntamálastofnun viljum vera sveigjanleg með skráningu en þurfum að setja loka skráningardag í samræmi við reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa. a) Þurfum að fá svigrúm til að undirbúa prófkóða, þ.e. búa til sér prófkóða fyrir þá sem þurfa stuðningsúrræði. b) Það þarf að stilla Skólagátt og prófkóða prófakerfis saman. c) Skólar þurfa að fá prófkóða tímanlega svo þeir geti verið búnir að prenta þá út fyrir prófdagana. d) Fara þarf eftir stjórnarsýslulögum og gæta jafnræðis gagnvart skráningu og úrvinnslu (ekki mismuna nemendum/skólum). e) Við viljum minnka líkur á mistökum og hættu á að eitthvað fari úrskeiðs (t.d. að nemandi hafi sótt um stuðningsúrræði en fái ekki þannig próf á prófdegi).